



## Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 5/2012

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að frá og með deginum í dag skuli eigendur og umráðendur loftfara, sem falla undir b), c) og d) lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar EB nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu sem innleidd var með reglugerð nr. 812/2012, fara eftir ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1332/2011 frá 16. desember 2011 um sameiginlegar kröfur um notkun lofrýmis og verklagsreglur fyrir árekstrarvara.

Með framangreindri reglugerð er verið að leggja þá skyldu á eigendur og umráðendur loftfara umræddra loftfara að búa þau með árekstrarvara (ACAS II útgáfu 7.1). Þá eru einnig gerðar kröfur um innleiðingu á tilteknum starfsaðferðum við notkun búnaðarins og þjálfun áhafna. Loftför með lofhæfivottorð útgefið fyrir 1. mars 2012 þurfa ekki að fara eftir 3. og 4. gr. reglugerðarinnar fyrr en frá 1. desember 2015.

Reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 verður birt á heimasíðu stofnunarinnar á ensku.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er ákvörðun þessi birt á heimasíðu stofnunarinnar.

FLUGMÁLASTJÓRN  
Reykjavík 5. desember 2012  
  
Pétur K. Maack flugmálastjóri.